

Nd.

463. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1917, um skipun læknishjeraða o. fl. [*Bakkahjerað*].

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Til allsherjarnefndar var vísað frv. því, er 1. þm. Norðmýlinga flutti um skifingu Hróarstunguhjeraðs.

Nefndin athugaði málið allrækilega, en gat ekki orðið á eitt sátt um framgang þess.

Meiri hlutinn álitur, að óskir og kröfur hjeraðsbúa á Fljótsdalshjeraði utanverðu um sjerstakan lækni hefði við svo rík rök að styðjast, að eigi væri gerlegt að neita þeim.

Samkvæmt læknaskipunarlögunum nær Hróarstunguhjerað yfir 5 hreppa á Fljótsdalshjeraði og Borgarfjörð. En á milli Hjeraðs og Borgarfjarðar er hár og torsóttur fjallvegur, og geysi-snjóþungur á vetrardag; var því auðsætt, að læknisþjónusta yrði erfið og ónóg öðruhvorum megin fjallgarðsins, eftir því hvar læknir sæti í hjeraðinu.

Læknissetur var ekki áður fast ákveðið í hjeraðinu, en fyrstu læknar er þjónuðu þar, bjuggu ofan fjalls, á Úthjeraði, og þótti Borgfirðingum, sem þeir væru þá læknislausir. Fyrir fáum árum, við komu nýs læknis í hjeraðið, var læknissetrið ákveðið í Borgarfirði, en með því móti eru Hjeraðshrepparnir 5, með yfir 1000 manns, sama sem sviftir allri læknisþjónustu.

Yfir þessu er að vonum megu óánægja, og sjer meiri hlutinn ekki annan veg til að bæta úr þessu en þann, að stofnað verði sjerstakt læknishjerað á Úthjeraði, og ætti þá að mega vænta þess, að hjeraðsbúar sæju lækninum fyrir embættisbústað á hentugum stað.

Meiri hlutinn vill drepa á eitt enn, sem mælir fremur með því, að Hjer-
aðshrepparnir sjeu gerðir að sjerstöku læknishjeraði. Á Eiðum er nú nýstofnað-
ur alþýðuskóli, og er ilt, ef þar verður kasað saman mörgu fólki, án þess að neitt
sje sjeð fyrir því, að hægt sje að ná í lækni, hvað sem upp á kemur.

Að öllum málavöxtum athuguðum verður meiri hlutinn að ráða háttvirtri
deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Magnús Guðmundsson, Þorleifur Jónsson, Einar Jónsson.
skrifari. framsögumaður.